

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. apríl 2024
Málsnúmer: 202404-0022
SS

Efni: Umsögn um umsókn um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 vegna föngunar hreindýra.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 3. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um erindi Stísu ehf. þar sem leitað er eftir því að undanþága frá ákvæði 7. greinar laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sé veitt. Undanþágan snýr að því að veitt sé leyfi fyrir því að fanga þrjár kelfdar hreindýrskýr á Austurlandi í því skyni að fjölga hreindýrum sem stefnt er að því að verði til sýnis í Hreindýragarðinum Vinlandi. Þar eru í dag tveir tarfar, en þeir hafa verið hýstir þar síðan þeir voru kálfar sem komið var til hjálpar árið 2021. Stefnt er að því að fangaðar kýr sem og kálfar undan þeim nýtist til undaneldis með það að markmiði að í Vinlandi verði 15-20 dýra hjörð.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að hreindýr séu til sýnis almenningi í dýragörðum ef starfsemi þeirra dýragarða hefur hlotið öll tilskilin leyfi og uppfyllir kröfur um aðbúnað í samræmi við lög um velferð dýra nr. 55/2013.

Náttúrufræðistofnun telur þó að horfa þurfi til þess hvernig staðið sé að því að koma dýrum fyrir í dýragörðum. Við handsömun og flutning dýra er, skv. lögum nr. 55/2013, óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim limlestingum, kvölum eða óþarfa ótta. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ómögulegt að uppfylla ákvæði þessara laga ef fanga á og flytja kelfdar kýr. Þær eru á viðkvæmu skeiði og fara, ásamt öðrum kúm í sama ástandi, til burðarsvæða þar sem þær dvelja í næði meðan á burði stendur og koma ekki aftur til hjarðarinnar fyrr en þær sjálfar og afkvæmi þeirra hafa styrkst. Að setja kelfdar kýr í þröngt rými til flutnings og til að dvelja á ókunnum afmörkuðum stað með fólki og öðru áreiti er griðarmikið inngríp í líf þeirra og ætti að forðast fyrir alla muni. Vegna þessa, og hve hreindýr þurfa stór svæði til að sinna náttúrulegum þörfum sínum, árstíðabundnu fari og hjarðhegðun, þarf sterk rök fyrir því að leyfa föngun fullorðinna hreindýra, sem hafa lifað í einhvern tíma í villtri náttúru landsins, aðlagast þeim lífsmáta og vanist því frelsi sem í því felst og **alls ekki ætti að fanga kelfdar kýr.**

Frekar ætti að horfa til þess að fá dýr sem fæðst hafa í öðrum dýragörðum eða hafa verið í haldi fólks (til dæmis vegna hjálpar skyldu) og sem lög nr. 55/2013 óheimila að sé sleppt. Ef engin leið er til að fjölga dýrum fyrir starfsemi dýragarðs með þessum leiðum og nauðsynlegt þykir að fanga villt dýr, ætti frekar að horfa til þess að fanga unga kálfa að haustlagi sem eru færir um að aðlagast nýju lífi í umsjón mannfólks og búa yfir minni reynslu á frelsi í íslenskri náttúru en sem fullorðin villt dýr búa yfir.

Náttúrufræðistofnun bendir á ágætis greinargerð starfshóps um hreindýraeldi sem unnin var fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið árið 2015¹ en í henni eru ýmsir vankantar á mögulegu

¹ https://www.stjornaradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Skyrsla-um-hreindyraeldi.pdf



hreindýraeldi rökstuddir. Einkum er talið að aukin sjúkdómahætta geti falist í hreindýraeldi og að afar nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að villt og tamin dýr blandist saman. Huga þurfi að fjarlægðum við annan bústofn, tryggja bólusetningar fyrir tömdu dýrin og setja upp skilvirkt sjúkdómaeftirlit. Vegna þessa og fleiri atriða er ekki mælt með hreindýraeldi, sér í lagi á svæði sem villtar hreindýrahjarðir eiga reglulega far um. Þó áform um stórfellt hreindýraeldi séu ekki sambærileg við rekstur á dýragarði þar sem stefnt er að viðhaldi lítillar hreindýrahjarðar, geta sömu þættir átt hér við, til dæmis áhyggjur af smithættu milli villtra og taminna hreindýra en þekkt er að sjúkdómar geta blossað upp þegar villt dýr eru fönguð og höfð í haldi. Í umsókninni skortir upplýsingar um verkferla og frekari áætlanir um hvernig standi til að halda hjörðinni í lítilli stærð og hamla frekari fjölgun. Mikilvægt er því að áform um starfsemi dýragarðs í Héraði séu skoðuð vandlega með þessi atriði í huga til viðbótar við að tryggt sé að ákvæði laga um velferð dýra séu að fullu uppfyllt.

Að endingu er mikilvægt að nefna að vöntun er á skýrum lagaramma og regluverki um starfsemi dýragarða og hvernig tryggt sé að lögbundnum markmiðum laga um dýravelferð sé fylgt eftir. Drög að breytingum á lögnum sem matvælaráðuneytið hefur kynnt munu bæta mjög úr því og jafnframt þarf að ljúka endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum en ósamræmi er í ákvæðum þessara tveggja laga um það hver fer með leyfisvald þegar kemur að því að fanga og hafa í haldi villt dýr. Jafnframt þarf að ljúka viðeigandi reglugerð um dýragarða, sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 55/2013 og unnið hefur verið að um nokkurt skeið. Ekki síst því í dag vantar skilgreiningu á leyfisveitingum fyrir föngun og hald á villtum dýrum.

Að þessu sögðu mun Náttúrufræðistofnun ekki mæla með því að umbeðið leyfi sé veitt fyrir því að fanga þrjár kelfdar hreinkýr í því skyni að hafa þær til sýnis/undaneldis í Hreindýragarðinum Vínlandi.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

